

Rarik ohf
Dverghöfða 2
110 Reykjavík

Garðabær, 11. apríl 2025
202503-0252/p.V.B.
10.03.01

Efni: Leyfi til framkvæmda á friðlýstum svæðum - Strengur að Búðum

Náttúruverndarstofnun hefur móttengið umsókn Rarik ohf, dagsett, 25. mars 2025, um leyfi til framkvæmda innan Búðahrauns.

Búðahraun er friðlýst sem friðland sbr. [auglýsing nr. 357/1979](#). Mannvirkjagerð og jarðrask og hvers konar breytingar á landi eru háðar leyfi Náttúruverndarstofnunar. Bannað er að skerða gróður, trufla dýralíf og skemma jarðmyndanir eða aðrar minjar að óþörfu.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til plægingar á háspennustreng í gegnum austurjaðar Búðahrauns frá Búðaós að hótél Búðum. Strengurinn yrði plægður meðfram núverandi vatnslögn og ljósleiðara sem lagður var fyrir nokkrum árum. Kort sem sýnir legu vatnslagnarinnar fylgdi með umsókn. Að verkinu kæmu 3 starfsmenn. Farið yrði í framkvæmdina sem fyrst og er áætlaður verktími við plæginguna 2-4 dagar.

Áhrifamat:

Náttúruverndarstofnun metur verkefni ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á náttúrufar, verndargildi og gesti til lengri tíma lítið sé farið að skilyrðum leyfisins.

Skilyrði:

Náttúruverndarstofnun veitir Rarik ohf. fyrir sitt leyti leyfi fyrir framkvæmdinni innan Búðahrauns sbr. lýsingu hér að ofan og gildir leyfið í ár frá dagsetningu þessa bréfs að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för meðan á verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Náttúruverndarstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Náttúruverndarstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnisins eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga/vegi skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga/vega að verkefni loknu.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Náttúruverndarstofnun í síma 556-6800.
- Vanda skal frágang að verki loknu. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast og um leið afmá öll ummerki framkvæmdanna.

- Óheimilt er að trufla dýralíf meira en nauðsyn ber til við framkvæmdina.
- Einungis skal aka tækjum vegna framkvæmdarinnar að og innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.
- Tryggja skal að plógurinn skeri bara svörðinn en kuðli honum ekki saman þar sem farið er yfir gróðurlendi.

Ef leyfishafi veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Náttúruverndarstofnun t.d. lagt fyrir leyfishafa að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Náttúruverndarstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Leyfisgjald:

Náttúruverndarstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir, kvikmyndagerð og/eða myndatöku er kr. **83.200.** sbr. 7. gr. b. gjaldskrá Náttúruverndarstofnunar nr. 354/2025.

Eftirlit:

Náttúruverndarstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Náttúruverndarstofnun.

Hákon Ásgeirsson

sviðstjóri

Ragnhildur Sigurðardóttir

þjóðgarðsvörður